

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Húsavík



<b>Dags eftirlits</b>	21.6.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Þór Kárason	<b>Staðsetning</b>	574394,29	617922,761

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi en ekki var að öðru leiti gerð athugasemd við stöðina

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Húsavík, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Bæta má skráningar á mælingum og eftirliti með olíuskilju.

Fimm geymar eru í stöðinni og hafa allir nema T0065 verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Geymir T0065 er 700 m<sup>3</sup> uppréttur geymir frá 1963 og var hann síðast botnþykktarmældur árið 2001.

Aðrir geymar eru í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Afsagaður endi af lögn gengur inn í eina þróna. Við mengunaróhapp er þetta leið fyrir olíu út úr þrónni og því þarf að blinda eða fjarlægja lögnina.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á lokum í frárennsli þróa og reyndust þeir lokaðir eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.

### Frávik frá

Ákvæði, grein 2.1 í starfsleyfi um frágang birgðageyma

### Lýsing á fráviki

**Kröfur í starfsleyfi, grein 2.1 eru um olíuhelda þró um geyma. Í einni þrónni í olíubirgðastöð ODR á Húsavík er afsöguð lögn sem gengur í gegnum þróarvegg og þarf að blinda eða fjarlægja lögnina.**

Ákvæði, grein 3.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar

**Kröfur í starfsleyfi, grein 3.2 eru um að botn og neðsta umfar geyma skuli mæld á minnst 10 ára fresti. Geymi nr. T0065 þarf að botnþykktarmæla og mæla efnisþykkt í plötum í neðsta umfari.**

## ATHUGASEMDIR

Engar frekari athugasemdir voru gerðar við stöðina.

## ANNAÐ

Olíudreifing hefur útbúið mánaðarblöð til skrásetningar á skoðunum og mælingum í stöðinni, t.d. fyrir skráningu mælinga sem gerðar eru í sandfangi og olíuhólfi í olíuskilju. Mælt er til þess að umsjónarmenn stöðvarinnar skrái mælingar á mánaðarblöð og þau séu aðgengileg í eftirliti.

Reykjavík, 16.07.2012



---

Gottskálk Friðgeirsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.